

# TÆKNIDAGUR FJÖLSKYLDUNNAR!

Verkmenntaskóli Austurlands (Mýrargata 10, Neskaupstaður)

10. október

Kl. 12:00-16:00

## Utan dagskrár

11:00 Rútuferð í nýsprengd Norðfjarðagöng - þarf að bóka fyrirfram í síma 477-1620

## Tímasett dagskrá

12:00 VA og Fjarðbyggð skrifa undir samning um verknámsviku (st. 1)

12:15 Team Spark frá HÍ kynnir rafknúinn kappakstursbíl (st. 1)

13:00 Hátæknifyrirtæki á „rassi landsins“ Hvernig er það hægt? Rational Network (st. 1)

13:00 Sýning Sprengjugengis HÍ (íþróttahús)

13:30 Rósa frá Innonent ræðir um Nýsköpun og frumkvöðlafræði (st. 1)

14:00 Kynning á Sorpflokkunarkerfi í Fjarðabyggð (st. 1)

14:30 Krufning hjá hinum eina sanna Dodda (st. 1)

15:00 Sýning Sprengjugengis HÍ (íþróttahús)

## Dagskrá

### **Sprengjugengi Háskóla Íslands**

**Sprengjugengið** er hópur nemenda í efnafræði, efnaverkfræði og lífefnafræði við Háskóla Íslands sem hefur stundað kynningar og sýningar á undraheimi efnafræðinnar fyrir almenning síðan 2007. Sýningar hópsins eru í senn fræðandi og skemmtilegar. Tvær sýningar eru tímasettar á Tæknidaginn.

## Hátæknifyrirtæki á „rassi landsins“ Hvernig er það hægt?

Þröstur frá **Rational Network** kynnir hvað fyrirtækið **Rational Network** er að brasa.

## Sorpflokkun í Fjarðabyggð

**Fjarðabyggð** kynnir fyrirkomulag við flokkun úrgangs hjá sveitarfélaginu og hvernig dregið hefur úr umhverfisáhrifum með góðri flokkun sem og kostnaði við þennan málaflokk – bæði með kynningu í fyrirlestrarsal VA (stofu 1) og spjalli við gesti.

## Team Spark

**Team Spark** er lið verkfræðinema við Háskóla Íslands sem hannaði og smíðaði rafknúinn kappakstursbíl frá grunni. Árlega keppir liðið í Formula Student keppninni fyrir hönd Háskóla Íslands. Verkefnið verður kynnt í fyrirlestrarsal VA (stofu 1) og í spjalli við gesti.

## Sandkassinn

Landslagssandkassinn er samvinnuverkefni **Advania**, **Trackwell**, **Náttúrustofu Austurlands** og **VA**. Hann virkar þannig að mynd með hæðarlínunum og –litum er varpað með skjávarpa niður á kassa sem fylltur er með ljósum sandi. Þrívíddarmyndavél sem skynjar hæðir og lægðir í sandinum er svo beint á sandinn. Tækin „tala saman“ og þannig er hægt að móta landslag með því að búa til hóla og hæðir í sandinn. Einnig er hægt að láta sýndarveruleikavatn flæða ofan í dældir í sandinum, eins og flóð myndu flæða niður hlíðar fjalla og ofan í dali.

## Innoent Education á Íslandi

Rósa frá **Innoent Education** fjallar um nýsköpun og frumkvöðlafræði.

## Krufning

Doddi, bóndi og líffræðingur, sýnir krufningu. Mynd er varpað jafnóðum upp á skjá til að tryggja að stórir jafnt sem smáir náí að fylgjast með því sem er að gerast.

## Tækniþróun við veiðar og vinnslu

*Síldarvinnslan gefur gestum tækifæri á að kynna sér tækniþróun við veiðar og vinnslu.*

## Viltu sjá uppblásinn björgunarbát? Kanntu að hnýta?

*Fjarðanet verður með uppblásinn björgunarbát og fleiri vörur frá fyrirtækinu með áherslu á tækni og þróun.*

## MultiTask

*Fjör og öryggi – líflega hliðin á MultiTask – fyrir alla fjölskylduna.*

## Allt að gerast í málm- og véltæknideild VA

*Kennsla í mig-suðu áls / stáls, vökvatækni, uppsett virknilíkan vökvakerfis í bekk, teikniforrit til sýnis, gangsetning aflvéla framkvæmd, opnir vélarrúmshermar.*

## Námsráðgjafi

*Hildur Ýr, námsráðgjafi VA, verður til viðtals í verknámshúsi.*

## Curron kerfið í Fjarðabyggð

*Kynning á Curron kerfinu sem notað er í Fjarðabyggð. Þetta er kerfið sem heldur utan um kortin sem notuð eru í almenningssamgöngum, íþróttahúsum og víðar. Ýmsar viðbætur við kerfið eru í þróun, t.d. að hægt verði að sjá í símanum hvar strætó er staðsettur.*

## Hljóðkerfaleigan

*Multitrack – gamall mixer sem hægt er að nota til að fikta í gömlum upptökum. Svo er það ljósaruglið. Alltaf fjör hjá Hljóðkerfaleigunni.*

## Blóðþrýstings- og blóðsykurmælingar

*Heilbrigðisstofnun Austurlands býður upp á mælingar á blóðsykri og blóðþrýstingi fyrir gesti Tæknidagsins. Láttu tékka á þér.*

## **Alcoa Fjarðaál**

*Kynning á starfsemi Alcoa Fjarðaáls ásamt því sem gestir geta skoðað sýnishorn af afurðum Alcoa og viðskiptavina þeirra.*

## **Box Island – forritunarleikur**

*Box Island er forritunarleikur fyrir yngri kynslóðina frá **Radiant Games**. Gestum gefst tækifæri til að prófa leikinn og fá leiðsögn um notkun hans.*

## **Breiðdalssetur**

*Starfsfólk Breiðdalsseturs sýnir gestum silfurberg og ljósbrot þess.*

## **Segway hjól – einhjól – viltu prófa**

*Hlynur Sveins mætir með þessi spennandi hjól og býður gestum Tæknidagsins að prófa þau í íþróttahúsinu.*

## **Fjarstýrður snjómokstursbíll með sóp**

*Jónas Þórir Þrastarson, nemandi í Grunnskóla Reyðarfjarðar og bikarhafi í Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2015, sýnir vinningsgripinn sinn.*

## **Mannvit**

*Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki á sviði verkfræði og tækniþjónustu – og tekur að sjálfsögðu þátt í Tæknideginum.*

## **Kappakstursbíll nemenda úr Háskólanum í Reykjavík**

*Nemendur úr HR sýna grindina á Formula Student kappakstursbíli sem þeir eru með í smíði og spjalla við gesti um verkefnið*

## **„Örugga hættusvæðið“**

*Viltu prófa reykköfun? Securitas og Slökkvilið Fjarðabyggðar mæta á svæðið; þjófavörn, brunavörn og reykköfun.*

## **Pendúll og stjörnusjónauki**

*Gunnar náttúrufræðikennari VA býður gestum að láta reyna á lögmál eðlisfræðinnar ásamt því að kíkja í stjörnusjónauka. Er eðlisfræðinni treystandi eða „er nefið í hættu?“*

## **Kvikmynda- og leiklistarnám í VA**

*Nemendur í listaakademíu VA verða á ferðinni með uppákomur og sýningar á verkum*

## **Hvað veistu um núvitund? En tölvufíkn?**

*Sálfræðinemendur í VA verða á svæðinu og fræða gesti*

## **Fab Lab tækin í fullum gangi**

*CNC fræsarar, 3D prentari, rafeindatækni, vínylskeri, laserskeri, Arduino...*

## **Viltu vita hvernig er í smíðatíma?**

*Kennslustund í gangi í grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Kíkið við.*

## **Íþróttakademía VA og Þróttur**

*Verða með „jumptest“ með Kine búnaði sem notaður er til að greina framfarir í styrk, snerpu og afli. Að auki verður boðið upp á þolmælingar með púlsklukkum.*

## **Warhammer**

*Ingólfur, Bragi o.fl. sýna borðspilið Warhammer og hvernig það er búið til en Ingólfur hefur hannað leikmuni í spilið í þrívíddarforriti og svo laserskorið þá eða þrívíddarprentað.*

## **Kaffisala**

*Nemendafélag VA verður með kaffisölu í bóknámshúsi.*

**Tæknidagur fjölskyldunnar 2015 er styrktur af:**